

Skipulagsstofnun
b/t Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 28. ágúst 2020
UST202007-113/R.K.
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum -Tillaga að matsáætlun – Framleiðsluaukning eggjabús Vallár á Kjalarnesi

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst dags. 13. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar.

Framkvæmdarlýsing

Stjörnuegg hf. (hér eftir nefnt rekstraraðili) áformar að uppfæra búnað og auka framleiðslugetu í eggjabúi sínu í Vallá á Kjalarnesi. Í dag er pláss á búinu til að hýsa 50.000 hænur en eftir breytingar á varpbúnaði tveggja eldri húsa verður hægt að auka framleiðsluna upp í 95.000 hænur. Búið er á skilgreindu landbúnaðarlandi.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir og metið fyrirbyggjandi tillögu að matsáætlun og telur að betur ætti að fjalla um eftirfarandi í frummatsskýrslu framkvæmdar:

Regluverk og starfsleyfi

Í tillögu að matsáætlun er hvergi minnst á lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir né reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit þar sem fram kemur starfsleyfisskylda starfseminnar hjá Umhverfisstofnun. Fram kemur að rekstraraðili sækir um starfsleyfi þegar álit Skipulagsstofnunar um matið liggur fyrir. Umhverfisstofnun tekur fram að málshraði fyrir starfsleyfisveitingu eru 240 dagar frá því fullnægjandi umsókn hefur verið samþykkt.

Best aðgengilega tækni (BAT)

Umhverfisstofnun bendir á að ákvæði í nýju starfsleyfi rekstraraðila munu vera í samræmi við bestu aðgengilegu tækni skv. reglugerð nr. 935/2018 um BAT (bestu aðgengilegu tækni) o.fl. á sviði atvinnurekstrar sem haft getur í för með sér mengun. Stofnunin bendir á að BAT-

niðurstöður liggja fyrir á íslensku og eru aðgengilegar á vefsíðu Umhverfisstofnunar. Um er að ræða framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/302 frá 15. febrúar 2017 um að fastsetja niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni (BAT), samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB, vegna þéttbærs eldis alifugla og svína.

Umhverfisstofnun tekur fram að við starfsleyfisgerð gilda aðferðir til mengunarvarna í BAT-niðurstöðum fremur en starfsreglur um góða búskaparhætti frá 2002.

Haughús og gleymsa hæsnaskíts

Gert er ráð fyrir að eftir framleiðsluaukningu eggjabúsins myndist um 3.500 tonn af hæsnaskít árlega. Þá segir: „Skítur er fjarlægður úr húsunum eigi sjaldnar en á 5 daga fresti. Í eldihúsi fellur skíturinn niður á færiband sem færir hann í enda hússins þar sem að hann fer í gám“ (bls. 9).

Fram kemur í tillögu að matsáætlun: „Því er ekki eiginleg hauggeymsla við Vallá eins og gerð er krafa um í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir alifuglabú og í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnasambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri. Hefur Umhverfisstofnun ákveðið að líta svo á að gámarnir á lóð rekstraraðila sem nýttir hafa verið undir skít séu hauggeymslur og að það fyrirkomulag að nota skítinn sem áburð sé skynsamlegt“ (bls. 9). Umhverfisstofnun áréttar að stofnunin hefur ekki gefið út að fyrirkomulag hauggeymsla á búinu sé fullnægjandi en hefur tekið fram í eftirlitsskýrslu (2019) að skynsamlegt sé að endurnýta hæsnaskít sem áburð. Í eftirlitsskýrslu Umhverfisstofnunar þann 25. nóvember 2019 kom fram að hauggeymslan sem notuð hefur verið er staðsett á Geldingaá en opnir gámar eru notaðir til að safna skítinum á búinu áður en skíturinn er færður í hauggeymsluna á Geldingaá. Þá var tekið fram að þó svo fallið hafi verið frá fráviki á hauggeymslufyrirkomulagi búsins þá geta kröfur verið útfærðar á annan hátt þegar unnið verður að nýju starfsleyfi hjá stofnuninni en útgefin starfsleyfi skulu vera í samræmi við BAT.

Stofnunin tekur fram að hauggeymslur skulu vera lokaðar, vandaðar og þéttar til að koma í veg fyrir jarðvegs-, vatns- og lyktarmengun.

Dreifing skítsins er heimil á tímabilinu 15. mars til 1. nóvember ár hvert skv. gr. 7.1 í reglugerð nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri. Ljóst er að ekki er hægt að nýta skítinn til dreifingar utan þess tímabils. Umhverfisstofnun telur að taka þurfi skýrt fram í fraummatsskýrslu hvar og hvernig útmokstur úr hæsnahúsum af búí Vallár er geymdur þegar dreifing hans er óheimil.

Dreifing hæsnaskíts og samstarfssamningur

Fram kemur að skít sé dreift á mela á 300 ha landi Geldingaár í Leirvogssveit. Hæsnaskíturinn er sóttur af búinu vikulega og fluttur til dreifingar á Geldingaá.

Líkt og áður hefur komið fram telur stofnunin skynsamlegt að endurnýta hæsnaskít og undirburð sem áburð til dreifingar á land en einungis þar sem ekki er hætta á mengun lækja, áa eða vatnsbóla. Umhverfisstofnun tekur fram að landið sem tilgreint er til dreifingar er á grannsvæði vatnsverndar og þar eru einnig brunnsvæði skv. vatnavefsjá Veðurstofu Íslands og Umhverfisstofnunar og á sveitarfélagsuppdrætti Aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar 2008-2020. Stofnunin telur að í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir aðstæðum á landsvæðinu þar sem skítum frá hæsnabúinu er dreift sem áburð. Umhverfisstofnun telur fyrirkomulag geymslu og dreifingar skíts frá búinu ekki vera óháð starfsemi búins þó svo það sé flutt á annað svæði.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að í frummatsskýrslu sé ítarlega greint frá geymslu, flutningi og dreifingu hæsnaskíts og undirburðar. Bæði geymslu á búí Vallár og geymslu á landi Geldingaár. Þá skal greint frá fyrirkomulagi dreifingar og áhrifum sem geymsla og dreifing húsdýraáburðar kann að hafa á lyktarmengun, læki, ár eða vatnsból. Í þeirri umfjöllun ætti að vísa til viðeigandi BAT-niðurstæðna en ekki starfsreglna um góða búskaparhætti að mati Umhverfisstofnunar.

Förgun fugla

Stofnunin tekur fram að eingöngu má urða aukaafurðir dýra að uppfylltum skilyrðum í a. lið í 1. gr. reglugerðar nr. 674/2017 sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1069/2009.

Fram kemur að fuglum er fargað af SORPU bs. eftir hverja eldislotu sem er í 60 vikur (bls. 6). Umhverfisstofnun tekur fram að þó svo að SORPA bs. geti tekið við dýrahæjum í 3. áhættuflokki, skv. b) lið 10. gr. reglugerðar nr. 1069/2009 um um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, þá er ekki heimilt að urða dýrahæ sem falla í 2. áhættuflokk nema að undangenginni meðhöndlun skv. c) lið 9. gr reglugerðinnar. Umhverfisstofnun telur því mikilvægt að fyrir starfsleyfisveitingu framleiðsluaukningar liggi fyrir samningur um móttöku og förgun á þeim fjölda fugla sem fyrirhugað er að ala ef upp kemur alvarleg sýking í búinu. Tekið skal fram að málefni smitvarna og sýkinga fugla falla undir verksvið Matvælastofnunar en sá úrgangur sem verður til ef upp kemur sýking á búinu, þ.e. förgun fugla, fellur undir verksvið Umhverfisstofnunar. Stofnunin telur að koma eigi skýrt fram í frummatsskýrslu hvað skuli gert við sýkt fuglahæ af búinu m.t.t. úrgangsmeðhöndlunar og að fram þurfi að koma hvaða samningar liggi fyrir við aðila til móttöku á sýktum dýrahæjum.

Valkostagreining

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að ekki sé vert að kanna aðra kosti en þá framleiðslueiningar sem fyrirhugað er að velja (bls. 8). Umhverfisstofnun telur ekki um valkostagreiningu að ræða þegar aðeins er fjallað um einn valkost og núllkost. Stofnunin bendir á að fleiri þættir en framleiðslueiningar bjóða upp á valkostaumfjöllun. Má þar nefna útfærslur haughúsa og aðferðir við geymslu á útmokstri (hæsnaskít og undirburði), mismunandi tækni við loftæstibúnað og ryk síur við útblásturstúður úr húsum og mismunandi aðferðir við varnir gegn lyktarmengun sbr. BAT-niðurstæður.

Niðurlag

Til að draga saman telur Umhverfisstofnun að betur þurfi að skoða og fjalla um eftirfarandi í frummatsskýrslu framkvæmdar:

- Að starfsemin sé starfsleyfis skyld skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- Hvernig starfsemin muni uppfylla skilyrði BAT-niðurstaðna fyrir þauleldi alifugla.
- Fyrirkomulag á geymslu skíts áður en hann er fluttur af búinu.
- Fyrirkomulag á dreifingu skíts á Geldingaá og fyrirkomulag á geymslu skíts á Geldingaá á því tímabili sem óheimilt er að dreifa skít á land.
- Förgun sýktra fugla sem falla utan 3. áhættuflokks skv. reglugerð nr. 1069/2009.
- Valkostagreining um valkosti mengunarvarna.

Beðist er velvirðingar á því hve dregist hefur að svara þessu erindi.



Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Ísak Már Jóhannesson
sérfræðingur